



Áfangaskýrsla vegna SNÆ 502 og 602

Viðfangsefni veturinn 2008 – 2009

Við hófum vinnuna með því að ákveða að þema vetrarins yrði Hafið og allt sem tengist því. Í fyrsta verkefninu völdu nemendur sér viðfangsefni. Einn hópurinn vann matreiðslubók, einn vann fréttabréf og einn gerði stuttmynd. Nemendur leituðu eingöngu að uppskriftum á Netinu í stað þess að fara lengra aftur í tímann og jafnvel leita í uppskriftabókum hjá ömmum eða skyldfólki og skoða hvað var fólk að borða á tuttugustu öldinni. Uppskriftabókin varð því hálf fátækleg og ekki eins og til var ætlast í upphafi. Nemendur viðurkenndu það í sjálfsmati að þau hefðu getað unnið bókina betur með því að gefa sér meiri tíma í undirbúning og framkvæmd. Fréttabréfið var góð hugmynd en illa framkvæmd. Þau unnu það hroðvirknislega virtu til dæmis ekki reglur um heimildir. Stuttmyndin fjallaði um Mardraug sem lifir í sjónum. Myndin var frumleg og nokkuð skemmtileg en eins og hin verkefni hefði mátt vinna hana betur. Vinna við þessi verkefni einkenndist af leiða og hefðu kennarar getað unnið markmiðin með verkefnunum betur.



og

Verkefni tvö var einstaklingsverkefni þar sem haldið var áfram með þemað um hafið. Nemendur áttu að taka 12 ljósmyndir fyrir dagatal. Þau máttu velja sér þema sem tengdist hafinu. Allir skiluðu dagatali og voru flest þeirra mjög vel unnin. Það kom í ljós að nemendum fannst það frelsun að fá að vinna einstaklingsverkefni eftir undanfarin hópverkefni. Að verkefninu loknu voru valdar 12 myndir, ein úr hverju dagatali og búið til eitt dagatal og sent út til vina okkar í Finnlandi og Svíþjóð.

Þriðja verkefnið var paraverkefni þar sem þau áttu að útbúa útvarpsspátt. Eins og önnur verkefni átti þetta að tengjast hafinu. Einnig áttu þau að skrifa dagbók meðfram vinnunni. Eitt parið valdi sér sjávarútvegsfyrirtæki og tóku viðtöl við tvo stjórnendur í Stykkishólmi. Þetta var vel heppnaður þáttur og gáfu nemendur þá endurgjöf að þátturinn innihéldi góðar upplýsingar og að það hefði verið gott að heyra alvöru viðtölin spiluð. Þó fannst þeim lögin sem spiluð voru í þættinum of löng. Eitt parið valdi að fjalla um hlutverk kirkjunnar og presta í sjómannslífi. Þátturinn var vel unninn. Nemendur gáfu þá endurgjöf að þau væru ánægð með efnið. Þó hefðu þau viljað heyra viðtal sem tekið var spilað í alvöru. Eiginkonur sjómanna varð fyrir valinu hjá einu parinu. Sá þáttur heppnaðist vel fyrir utan það að raddir stjórnenda þáttarins urðu miklu dýpri en eðlilegt má teljast. Þetta hafði hins vegar þau áhrif að allir hlógu og skemmtu sér. Eitt parið valdi sér umfjöllunarefnið





Heimabyggðin þar sem þau tóku sérstaklega fyrir Flatey. Í þykjustunni tóku þau viðtal við íbúa í Flatey sem sagði sögur sem áttu sér rætur í raunverulegum sögum. Fleiri pör skiluðu því miður ekki úttvarpsþætti. Í heild tókst þetta verkefni mjög vel og var það vafalaust vegna góðrar verkefnalýsingar og augljósra markmiða.

Næst kom jólaverkefni þar sem hópnum var skipt upp og hver hópur valdi sér einn áratug tuttugustu aldarinnar og gerði jólahefðum þess tímabil skil með leikþáttum. Á meðan á vinnunni stóð áttu hóparnir að skila rafrænum jólakortum til kennara þar sem þeir fóru yfir stöðu verkefnisins, eða alls fjórum jólakortum. Á meðan á þessari vinnu stóð féll niður mætingaskylda. Nemendur voru almennt mjög ánægðir með það fyrirkomulag. Jólakortin sem við fengum voru einstaklega vel unnin og frumleg og fannst nemendum gaman að vinna á þennan hátt. Leikþættirnir tókust einnig mjög vel en allir hóparnir tóku þá upp á myndband og héldum við svo jólasýningu á þeim. Eftir þetta fóru allir í jólafrí.

Við byrjuðum áfangann 602 á því að nemendur skiptu sér upp í þrjá hópa. Einn hópurinn valdi að vinna með Tómsundur á Snæfellsnesi og útbjuggu heimasíðu web.me.com/gustikolla/Site/Heim.html þar sem þau settu inn ýmsar upplýsingar um það hvað hinn dæmigerði unglíngur aðhefst í tómsundum sínum á Snæfellsnesi. Þetta var vel unnin síða og voru bæði nemendur og kennarar ánægðir með útkomuna. Næsti hópur valdi að fjalla um daglegt líf á Snæfellsnesi. Þau útbjuggu Skrapbók og í henni voru myndir héðan og þaðan, t.d. úr Íþróttahúsinu, Tónlistarskólanum, Dvalarheimilinu, Grunnskólanum og Sæfangi. Síðasti hópurinn valdi að gera brúðuleikhús um Álfu og tröll. Þau voru ekki tilbúin með verkefnið þegar átti að sýna og fengu frest um eina viku. Það varð síðan þannig að verkefnið skilaði sér aldrei.



Þá var komið að undirbúningi heimsóknar vinaskólanna frá Finnlandi og Svíþjóð. Í hönd fór metnaðarfullur undirbúningur bæði nemenda og kennara til þess að gera heimsóknina sem allra best úr garði. Nemendur fengu allir sín verkefni sem þau áttu að sjá um á meðan á heimsókninni stóð. Þessi verkefni voru að sjá um hópefli á Gufuskálum, sjá um kvöldvöku á Gufuskálum, skipuleggja kvöldverð í skólanum með foreldrum, hvað ætti að sýna af verkefnum í Samkomuhúsinu og fararstjórn og skipulagning Snæfellsneshringins. Dagskrá heimsóknarinnar má sjá **hér**.

Breytingar frá fyrra ári

Í upphafi áfangans var ákveðið að vinna með sögur og sagnir á Snæfellsnesi frá landnámi til dagsins í dag. Við ákváðum að breyta því og vinna með hafið og tengdust meira og minna öll verkefni sem nemendur unnu á önninni hafinu. Ekki var annað að sjá en að nemendum líkaði þessi ákvörðun. Við sáum fljótlega að nemendur voru orðnir þínu leiðir á hópavinnu enda vinnan í Snæ nánast eingöngu gengið út á hópavinnu, nema leiðarbækur. Við settum því inn einstaklingsverkefni sem kom vel út.



Mat okkar á þeirri vinnu sem farið hefur fram.

Undirbúningur kennara fyrir áfangann var gríðarlegur og þróunarvinna heldur áfram. Það að samþætta svona margar námsgreinar og kennsluaðferðir krefst mikils undirbúnings af hálfu kennara og annars konar viðhorfs gagnvart kennslu og eigin kennsluaðferðum.

Nemendur hafa tekið þessum áfanga vel og hefur hann vakið forvitni á meðal annarra nemenda skólans.

Það er mat okkar að vinnubrögð nemenda hafi þróast og batnað gífurlega á milli ára. Þau eru orðin mjög fær í sjálfstæðum vinnubrögðum. Þau taka stóran þátt í að þróa áfangann með kennurum og eru óhrædd við að láta sínar skoðanir í ljós og prófa ný vinnubrögð. Áhrif þessa áfanga sjást greinilega í öðrum áföngum þar sem þessir nemendur sýna sömu vinnubrögð þar og hafa áhrif á aðra nemendur. Við teljum að þessi áfangi hafi fyllilega sannað tilverurétt sinn. Kennarar hefðu mátt hafa meiri tíma til að skipuleggja áfangana og vinna betur með markmið hvers verkefnis eins og kom berlega fram í upphafi 502. Við teljum líka að þetta verkefni hafi verið of langt og að ekki hafi verið nægilega mikil áhersla lögð á milli landanna fyrir þann þann tíma sem heimsóknirnar stóðu yfir. Það er tvímælalaus skoðun okkar að verkefni sem þetta séu nauðsynleg hverjum skóla og að þau þurfi að efla. Þess verður þó að gæta að gefa nógan tíma til undirbúnings og skipulagningar og eins að gera ráð fyrir fjármagni til að greiða fyrir yfirumsjón verkefnisins og samræmingu á milli landa.

Sólrún Guðjónsdóttir, Berglind Axelsdóttir og Hrafnhildur Hallvarðsdóttir